



Nr. 10/2007
5. júní 2007

Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins á fyrsta ársfjórðungi 2007

Í dag verða birt á heimasíðu Seðlabanka Íslands bráðabirgðayfirlit um greiðslujöfnuð við útlönd á fyrsta ársfjórðungi 2007 og um stöðu þjóðarbúsins í lok ársfjórðungsins.¹

Viðskiptajöfnuður var óhagstæður um 28 ma.kr. á fyrsta fjórðungi ársins sem er aðeins um helmingur þess sem var á sama tíma í fyrra (57,3 ma.kr.). Halli var á öllum liðum viðskiptajafnaðar, vöru, þjónustu, þáttatekna og rekstrarframlaga. Halli á vöruskiptum var 8,1 ma.kr. samanborið við 31,9 ma.kr. á sama tíma í fyrra. Minni viðskiptahalli fyrsta ársfjórðungs skýrist að hluta til af sérstökum liðum, svo sem sölu flugvéla og hagnaðar af fjárfestingu erlendis. Batinn á þáttatekjum er rakinn til hlutdeildar Íslendinga í hagnaði erlendra fyrirtækja, en hann er færður til tekna og endurfjárfestur á sama tíma í fyrirtækjunum. Lítils háttar aukning varð á gjaldahlið þáttateknanna, sem á sama hátt skýrist af endurfjárfestum hagnaði erlendra aðila á Íslandi. Hins vegar var nýfjárfesting erlendra aðila á Íslandi lítil á ársfjórðungnum.

Hreint fjárústreymi nam 88,3 ma.kr. á ársfjórðungnum. Bein fjárfesting innlendra aðila erlendis og kaup þeirra á erlendum skuldabréfum jukust töluvert frá síðasta ársfjórðungi 2006. Á hinn bóginn dróst bein fjárfesting erlendra aðila á Íslandi saman og sama máli gegndi um fjárfestingu þeirra í íslenskum markaðsskuldabréfum.

Greiðslujöfnuður við útlönd í ma.kr.

	Janúar - mars	
	<i>2006</i>	<i>2007</i>
Viðskiptajöfnuður	-57,3	-28,1
Útflutningur vöru og þjónustu	77,2	108,5
Innflutningur vöru og þjónustu	-122,8	-128,1
Þáttatekjur og framlög, nettó	-11,7	-8,5
Fjármagnsjöfnuður	215,6	-88,3
Fjármagnshreyfingar án forða	219,8	-87,3
Erlendar eignir, nettó	-357,8	-585,2
Erlendar skuldir, nettó	577,6	497,9
Gjaldeyrisforði (- aukning)	-3,7	0,1
Skekkjur og vantalið nettó	-158,2	116,3

¹ Sjá Hagtölur á <http://www.seðlabanki.is>

Skekkjuliður í ársfjórðungsuppgjörinu er stór en vonir standa til að hann minnki eftir því sem nánari upplýsingar verða tiltækar. Vitað er að skekkjuliður skýrist að nokkru leyti af því að í þáttatekjum eru reiknaðir áfallnir vextir og ekki leiðrétt í fjármagnsjöfnuði fyrir mismun þeirra og greiddra vaxta. Aðallega skýrist hann þó af skorti á nákvæmum upplýsingum um undirliggjandi greiðslustrauma vöruviðskipta og fjármagnshreyfinga og tímasetningu þeirra.

Hrein staða við útlönd var neikvæð um 1.283 ma.kr. í lok fyrsta ársfjórðungs en hafði batnað um 114 ma.kr. á ársfjórðungnum. Stafar batinn einkum af styrkingu gengis krónunnar um 7,8% samkvæmt gengisskráningarvísitölu. Erlendar eignir námu 4.787 ma.kr. í lok ársfjórðungsins en skuldir 6.069 ma.kr.

Nánari upplýsingar veitir Kristína Baldursdóttir forstöðumaður á upplýsingasviði bankans í síma 569-9600.